

**Ársskýrsla námsgagnasjóðs
skólaárið 2010-2011**

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið
2011**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Júlí 2011

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- menningarmálaráðuneyti

© 2011 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-01-6

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögnum var kveðið á um stofnun námsgagnasjóðs og þróunarsjóðs námsgagna, auk þess að fjalla um Námsgagnastofnun.

Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfē til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa skólastjórnendur aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrvall Námsgagnastofnunar. Áfram er öllum skólum úthlutað kvóta til kaupa á námsgögnum hjá þeim. Eina breytingin sem tilkoma sjóðsins hefur breytt varðandi Námsgagnastofnun er sú að stofnunin er nú hætt að afhenda ókeypis til skólanna efni frá öðrum útgefendum. Skólnir annast það nú sjálfir.

Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert. Vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum varð mennta- og menningarmálaráðuneytið að grípa til þeirra ráðstafana að skerða framlög til sjóðsins árin 2009, 2010 og 2011. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í nóvember 2007. Hér má sjá töflu yfir framlög til sjóðsins árin 2007 til 2011.

Ár	Framlag í millj. kr.
2007	100
2008	100
2009	50
2010	60
2011	40

Sjóðurinn starfar skv. reglugerð um sjóðinn nr. 1111/2007, þar sem kveðið er á um að greiðsla fyrir hvern grunnskóla sé innt af hendi til rekstraraðila þeirra í maímánuði ár hvert og tekur greiðsla fyrir hvern skóla mið af fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla skólaárið á undan, skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands, en heimilt er að í vilna fámennum skólum. Auk þess segir í reglugerð að grunnskólar skuli láta sjóðsstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Heimild er til þess í reglugerð að fella niður úthlutun til þeirra skóla sem skila ekki inn skilagrein.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður er skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Eftirfarandi stjórn er skipuð frá 1. júlí 2007 til 30. júní 2011.

Aðalmenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður, án tilnefningar,
Hanna Hjartardóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, varaformaður,
Eiríkur Hermannsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

Guðni Olgeirsson, án tilnefningar,
Pórður Árni Hjaltested, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands,
Helga Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.


Um skilgreiningu á því hvað skólum er heimilt að kaupa fyrir fjármagn úr námsgagnasjóði hefur stjórn sjóðsins aðallega haft að leiðarljósi það sem kveðið er á um í reglugerð, þ.e. námsgögn sem samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Námsgögn séu keypt frá lögaðilum og óheimilt er að kaupa tæki og búnað.

Umsýsla sjóðsins er í mennta- og menningarmálaráðuneyti og starfsmaður sjóðsins er Erla Ósk Guðjónsdóttir. Ráðuneytið létt hanna rafrænan grunn vegna skilagreinanna. Vefsíða að grunninum er *namsgagnasjodur.is*. Hýsing vefsins er hjá Skýrr. Hver skóli er síðan með notendanafn og lykilorð fyrir aðgang að grunninum. Færa þarf í grunninn heiti námsgagns, söluaðila, tegund, námsgrein og upphæð, fyrir hvert tímabil sem er frá 30. apríl til 30. apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins fer síðan yfir skilagreinarnar og þeim færslum sem ekki eru taldar gjaldgengar í sjóðinn er eytt. Fjármagn sem einstakir skólar nýta ekki yfirlæst á milli ára. Skilagreinin er fyrst og fremst til að gera stjórn sjóðsins grein fyrir því hvað keypt er fyrir fjármuni sjóðsins, en er ekki bókhaldsgagn. Stjórn sjóðsins er heimilt, skv. reglugerð að taka úthlutun af þeim skólum sem skila ekki skilagrein til ráðuneytisins, en stjórnin ákvað fyrsta árið að nýta ekki þessa heimild í því skyni að gefa skólum tíma til að læra inn á ferlið. Heimildin hefur hins vegar verið nýtt eftir það. Umsýslukostnaður greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Skipting fjármagns eftir söluaðilum: Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þá söluaðila sem mest var keypt frá. Skólavefurinn ehf. var með 35% af heildarfjármagni sjóðsins, A4 Skólavörubúðin var með 17% og Forlagið-JPV útgáfa 14,8%. Aðrir söluaðilar með minni upphæðir skiptu 14,4% fjármagnsins á milli sín. Sem dæmi um aðra söluaðila má nefna Bjart/Veröld, Bóksölu stúdenta, netverslanir erlendis, Office 1, Skruddu, Stoðkennarann, Talþjálfun Reykjavíkur, Umsjónarfélag einhverfra og Útgáfufélagið Sunnuhvol og einstaklinga sem stofnað hafa fyrirtæki um rekstur sinn.

Söluaðilar	Upphæð	%	Fjöldi færslna
Skólavefurinn ehf.	22.282.031	35,1	449
A4 Skólavörubúðin	10.803.602	17,0	386
Forlagið-JPV útgáfa	9.375.828	14,8	185
Aðrir seljendur	9.162.222	14,4	
Penninn	3.129.699	4,9	159
Jón Norland	1.345.913	2,1	20
Iðnú-bókaútgáfa	1.288.176	2,0	44
Eymundsson	1.106.628	1,7	85
Barnasmiðjan ehf.	864.526	1,4	20
Stoðkennarinn	793.043	1,2	32
Rasmus ehf.	586.814	0,9	17
Bókaútgáfan Hólar ehf.	571.391	0,9	15
Félag íslenskra bókaútg.	470.942	0,7	14
Þorgerður Hlöðversdóttir	376.000	0,6	2
Krass	367.105	0,6	24
Góður, betri, bestur	360.090	0,6	13
Námsgagnastofnun	331.207	0,5	31
Barnabókaútgáfan	267.541	0,4	12
Samtals	63.482.758		


Skipting fjármagns eftir söluaðilum 2010-2011



Skipting fjármagns eftir tegund. Mestur hluti færslna voru fyrir kennslubækur eða 61,5%, en skólar nýttu sér sjóðinn einnig til kaupa á áskriftum að ýmsum vefsíðum og má þar t.d. nefna Skólavefinn, Hlusta.is, námsgagnavef Finn Köllu, Snöru-orðabók og tónmenntavef Finn. Hér að neðan má sjá yfirlit á skiptingu m.v. tegund námsgagna. Til samanburðar eru tölur skólaáranna 2008-2010. Árið 2009-2010 var hlutfall kennslubóka 58,8% og vefsíðana 17,8% og 2008-2009 voru kennslubækur 54% færslna og áskriftir að ýmsum vefsíðum 16,9%.


Tegund	Upphæð	%	Fjöldi færslna	Upphæð	%	Upphæð	%
				2010-2011	2009-2010	2008-2009	
Kennslubók	39.062.900	61,5	1129	39.544.892	58,8	70.204.806	54,0
Vefsíða	11.474.984	18,1	284	11.998.480	17,8	21.962.660	16,9
Annað	3.924.722	6,2	207	5.646.115	8,4	15.442.335	11,9
Forrit	3.071.561	4,8	67	3.759.107	5,6	7.892.793	6,1
Sérkennslugög	3.019.765	4,8	150	2.612.715	3,9	4.986.085	3,8
Handbók	2.818.691	4,4	196	3.345.318	5,0	7.726.489	5,9
Landakort	110.135	0,2	6	363.199	0,5	1.740.149	1,3
Samtals	63.482.758						

Skipting fjármagns eftir tegund námsgagna 2010-2011



Skipting fjármagns eftir námsgreinum. Eins og sést á neðangreindu yfirliti var langmest keypt af námsefni fyrir íslensku eða um 53,3%. Eru það aðallega kennslubækur og bókakaup á bókasafn. Til samanburðar er skólaárið 2009-2010 en þá var hlutfall íslenskunnar 39,4%. Ekki er talið marktækt að taka til samanburðar tölur frá árinu 2008-2009 sökum þess að á því ári var flokkurinn *Annað* í rafræna grunnum ekki með þá færslu skilyrta og féllu 41% færslna á þann flokk. Var þessu breytt fyrir færslur í grunnum fyrir skólaárið 2009-2010.

Námsgreinar	Upphæð	%	Fjöldi færslna	Upphæð	%
2010-2011			2009-2010		
Íslenska	33.805.604	53,3	889	26.491.068	39,4
Aðgangur að almennum námsvef	7.820.880	12,3	198		
Erlent tungumál	6.820.991	10,7	299	12.686.065	18,9
Stærðfræði	3.660.153	5,8	128	3.365.907	5,0
Sérkennsla	2.360.007	3,7	114	2.723.315	4,0
Upplýsinga- og tæknimennt	1.747.886	2,8	43	2.451.142	3,6
Annað	1.676.406	2,6	64	11.545.722	17,2
Náttúrufræði og umhverfismennt	1.653.468	2,6	39	2.333.915	3,5
Lífsleikni	1.395.778	2,2	85	2.038.340	3,0
Listgreinar	1.288.986	2,0	97	1.505.618	2,2
Samfélagsgreinar	576.723	0,9	44	1.286.827	1,9
Íþróttir- líkams- og heilsurækt	370.234	0,6	12	383.538	0,6
Hönnun og smíði	257.681	0,4	11	358.610	0,5
Heimilisfræði	32.622	0,1	8	29.130	0,0
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði	15.339	0,0	2	70.629	0,1
Samtals	63.482.758				



Hér að neðan má sjá nánari skilgreiningu á floknum **Erlend tungumál**. Langflestir færslur eru fyrir ensku eða 81,3% færslna.

Erlend tungumál	Upphæð	%
Enska	5.547.201	81,3
Danska	501.122	7,3
Pýska	357.876	5,2
Spænska	279.559	4,1
Pólska	75.750	1,1
Sænska	45.500	0,7
Franska	13.983	0,2
Samtals		6.820.991

Nú hefur rafræni grunnurinn verið endurbættur þannig að flokkurinn *Annað* var tekinn út úr námsgreinum í rafræna grunninum, en þangað til voru nokkrar færslur skráðar undir þann flokk á skólaárinu 2010-2011. Sem dæmi um kaup sem flokkuð voru undir *Annað* má t.d. nefna: Áskriftir að ýmsum vefsíðum og bókakaup.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur síðan námsgagnasjóður var stofnaður orðið var við mikla ánægju skólastjórnenda með sjóðinn en sjóðurinn virðist þjóna vel markmiðum laga um námsgögn.

Þó hefur á undanfönum árum gætt óánægju með skert framlög í sjóðinn á fjárlögum undanfarin ár og væntir stjórn sjóðsins að hægt verði að hækka framlög á fjárlögum í sjóðinn á næsta ári.

Reykjavík, 29. júní 2011

f.h. stjórnar námsgagnasjóðs



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður

**REGLUGERÐ
um námsgagnasjóð.**

1. gr.

Hlutverk námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til félags til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar námsgagnasjóði þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmannna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Stjórn námsgagnasjóðs ákveður skiptingu fjármuna milli grunnskóla til námsgagnakaupa á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla á síðastliðnu skólaári. Greiðsla fyrir hvern grunnskóla er innt af hendi til rekstraraðila grunnskóla í maímaunuði ár hvert. Stjórnin hefur eftirlit með því að farið sé að úthlutunarreglum, sbr. 4. gr. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutun eru endanlegar og verður ekki skotíð til æðra stjórnvalds.

4. gr.

Eftirfarandi reglum skal fylgt við úthlutun úr námsgagnasjóði:

1. Skilyrði ráðstöfunar fjár fyrir grunnskóla er einskorðað við kaup á námsgögnum frá lögaðilum og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár. Öheimilt er að verja fjármunum úr námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa.
2. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda en heimilt er að ívílna fámennum skólam. Í því felst að skólar með allt að 50 nemendur fá 20% hærri úthlutun. Skólar með 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun og skólar með 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun.
3. Grunnskólar skulu láta sjóðstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Eingöngu þeir skólar sem skilað hafa skilagrein koma til álita við úthlutun næsta árs.
4. Grunnskólum er heimilt að færa úthlutunarfé á milli ára.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið annast umsýslu sjóðsins og ber ábyrgð á henni. Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Komi í ljós við eftirlit stjórnar námsgagnasjóðs að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr námsgagnasjóði til annars en mælt er fyrir um í reglugerð þessari skal skólinn krafinn um endurgreiðslu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

Akvæði til bráðabirgða.

Fyrsta úthlutun úr námsgagnasjóði fer fram í nóvembermánuði 2007 á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum skóla á síðastliðnu skólaári.

Menntamálaráðuneytinu, 7. nóvember 2007.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.